

## Skólaráðsfundur mánudaginn 24. nóvember 2020

Á fundinn mættu Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Auður Jónsdóttir og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúar kennara, Brynja Ingólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Ingibjörg Helga Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Linda Björk Árnadóttir fulltrúi nærsamfélagsins og Margrét Ósk Friðriksdóttir og Christine Lea Fregiste fulltrúar nemenda. Hulda Björk Marteinsdóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkomna.

### 1. Niðurstöður samræmdra prófa

Skólastjóri sagði lítillega frá niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk sem fóru fram í september og október en vegna fárra nemenda í þessum bekkjum er ekki leyfilegt að fara nákvæmlega í þær.

### 2. Niðurstöður líðankönnunar nemenda í 4. – 10. bekk

Sigríður sagði aðeins frá niðurstöðunum og hvað verið væri að gera innan skólans vegna þeirra. Flest kom vel út en þó sumt sem betur má fara. Smávegis umræða varð um niðurstöðuna.

### 3. Skólareglur

Skólastjóri sagði að unnið yrði með skólareglurnar eftir áramót og að fyrirkomulag þeirra yrði breytt í samræmi við stefnu uppeldisaðferðarinnar um jákvæðan aga. Sólveig hvatti fundarmenn til að kynna sér gildandi skólareglur Reykjahlíðarskóla, sem væru inni á heimasíðu skólans, fyrir næsta fund. Einnig væri ekki verra að kíkja á skólareglur annarra skóla til að fá fleiri hugmyndir.

### 4. Nemendalýðræði

Sólveig fór lítillega yfir uppsetningu þess og hvað í því fælist. Skjalið um nemendalýðræði er inni á heimasíðu skólans.

Ingibjörg spurði hvernig undirbúningur fyrir skólaþing færi fram og sagði Sólveig að hún hitti nemendaráðið og þar færi undirbúningurinn fram. Nemendaráð getur komið með málefni sem hægt væri að ræða á skólaþingi.

### 5. Samstarf heimilis og skóla – drög

Sólveig fór yfir drögin og voru þau rædd.

### 6. Önnur mál

Það kom fram að Ingibjörg hefði sett inn á fésbókarsíðu foreldrafélagsins að fundur yrði þennan dag og ef það væru einhver málefni sem foreldrar vildu að yrðu tekin fyrir á fundinum skyldu þau láta vita.

Linda Björk spurði hvaða form væri á notkun spjaldtölda og borðtölva í skólanum, hvort nemendur kæmust í leiki á skólatíma.

Þessi tæki eru hugsuð sem kennslutæki en nemendur unglingadeildarinnar hafa hver og einn sína spjaldtölvu. Nemendur miðstígs hafa aðgang að spjaldtölvum en eiga ekki

að fara óhindrað inn á leiki. Sólveig sagði að þetta væri alveg tilefni til að setja inn í skólareglurnar t.d. tölvureglur.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigríður Sigmundsdóttir ritari.